

Komið þið sæl

Nú eru nemendur komnir í páskafrí. Efst í huga er þakklæti til starfsfólks, foreldra og nemenda fyrir samstöðu og skiling á þessum erfiðu tímum. Vonandi geta allir hvílt sig og haft það gott um páskana.

Fyrsti skóladagur eftir páska er þriðjudagur 14. apríl.

Við munum halda áfram að hafa nemendur tvískipta eftir páska, þangað til að samkomubanni verður aflýst.

Fyrsti hópurinn sem mætir er:

Hópur 1:

Ásólfsstaðir, Hagi, Ásar, Laxárdalur, Steinsholt, Glóruhlíð, Árneshverfi, Bjarkarlaut, Knarraholt, Hæll, Þrándarholt og Þrándarlundur.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með tölvupósti, sem verður áfram samskiptaleiðin okkar ef einhverjar breytingar verða á skólastarfi.